

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Miðdals, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundahúsalanda í landi Úlfarsfells við Hafravatn, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 19. desember 2002.

Skipulagstillagan tekur til spildu sem er 2,39 ha að stærð úr landi Miðdals II á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint til frístundabyggðar. Skipulagssvæðið er sunnan Nesjavallavegar og norðan Selvatns. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir fjórum frístundalóðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 5. mars 2002.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Kína.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á hnetum og hnetuafurðum frá Kína sem ætlaðar eru til manneðis.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi ekki aflatoxín B1 né önnur aflatoxín.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn hnetur og hnetuafurðir til manneðis sem upprunnar eru frá Kína og falla undir eftirtaldin tollskrárnúmer: 1202.1000, 1202.2000, 2008.1109.

Þrátt fyrir ofangreind ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjendur framvísa vottorði frá opinberum aðilum um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum.

4. gr.

Ef vörur sem um getur í 3. gr. eru hér á markaði við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu vörurnar teknar af markaði.